

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Skagafirði.

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar hefur samþykkt deiliskipulagstillögur sem hér segir:

Nestún norður, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar samþykkti 6. apríl 2022, deiliskipulag fyrir Nestún norður. Deiliskipulagið felur í sér lengingu götunnar Nestúns til norðurs þar sem gert er ráð fyrir 5 nýjum byggingarlóðum fyrir parhús austan götu, númer 16.–24.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Sauðárkrókhöfn, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar samþykkti 9. mars 2022, deiliskipulag fyrir Sauðárkrókhöfn. Deiliskipulagið felur í sér uppfærslu á skipulagi svæðisins með tilliti til þeirra breytinga á landi, landnotkun, samfélagi og kröfum og forsendum þeirra sem nota hafnarsvæðið og þeirra breytinga sem hafa orðið á þeim 25 árum frá því að gildandi deiliskipulag var staðfest. Svæðið afmarkast að sunnan af Suðurgarði, að vestan af Strandvegi og Eyrarvegi, norður að hringtorgi og þaðan til sjávar. Að norðan og austan af sjávarmáli. Stærð deiliskipulagssvæðis er um það bil 51,9 ha. Skipulagssvæðið hefur breyst töluvert á undanförunum áratugum þar sem landvinningar að norðanverðu hafa búið til töluvert landrými.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Við gildistöku deiliskipulags þessa fellur úr gildi eldra deiliskipulag ásamt breytingum.

Flæðagerði, deiliskipulag íþróttasvæðis hestamanna.

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar samþykkti 25. maí 2022, deiliskipulag fyrir íþróttasvæði hestamanna við Flæðagerði. Deiliskipulagið felur í sér skipulag hesthúsasvæðisins hjá Sauðárkróki á rúmlega 33 ha svæði. Gert er ráð fyrir 7 nýjum hesthúsalóðum í 2. áfanga.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar hefur samþykkt deiliskipulagsbreytingu sem hér segir:

Nestún suður, deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar samþykkti 6. apríl 2022 breytingu á deiliskipulagi Nestúns suður. Deiliskipulagsbreytingin felur í sér breytt nýtingarhlutfall lóða númer 2-14, lóða austan götu. Nýtingarhlutfall Nestúns 2 verður 0,46. Nýtingarhlutfall Nestúns 4, 6, 8, 10, 12 og 14 verður 0,45. Á þessum lóðum skal reisa einbýlishús á tveimur hæðum með inngangi á efri hæð að vestanverðu. Einnig gerir tillagan grein fyrir viðbót við götuna í Nestúni, þar sem hún nær að norðurmörkum skipulagssvæðis, til samræmis við deiliskipulagstillögu norðurhluta Nestúns. Annað í skipulaginu er óbreytt.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar augýsir aftur deiliskipulagstillögur sem birtar voru í B-deild Stjórnartíðinda með auglýsingu nr. 468/2022, 26. apríl 2022, vegna breytinga á texta:

Birkimelur í Varmahlíð, deiliskipulag íbúðabyggðar.

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar samþykkti 9. febrúar 2022, deiliskipulag fyrir Birkimel í Varmahlíð. Deiliskipulagið felur í sér skipulag á u.þ.b. 2,5 ha svæði og framlengingu á götunni Birkimel til suðurs. Hin nýja byggð einkennist af blandaðri byggð á einbýlis-, tvíbýlis- og

raðhúsalóðum þar sem gert er ráð fyrir samtals 24 íbúðum. Nýtingarhlutfall lóða er á bilinu 0,30 til 0,40. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Ofangreind skipulagsáætlun hefur hlotið þá málsmeðferð, þ.m.t. varðandi athugasemdir sem bárust við deiliskipulagstillöguna, sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Árkill 2, deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar samþykkti 8. mars 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir Árkill 2 á Sauðárkróki. Deiliskipulagsbreytingin felur í sér stækkun á byggingarreit vegna fyrirhugaðrar stækkunar á leikskólanum. Annað í skipulagi er óbreytt. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Skagfirðingabraut 51 – Ártorg 1 – Mjólkursamlagsreiturinn á Sauðárkróki, deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar samþykkti 9. febrúar 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir Skagfirðingabraut 51 og Ártorg 1 á Sauðárkróki. Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að lóðamörk á milli Skagfirðingabrautar 51 og Ártorgs 1 breytast þannig að afmörkun sem gengur norður af skrifstofu- og verslunarhúsnæði færist um tæpa 28 m til austurs. Lóð Skagfirðingabrautar 51 verður 17.061 m² og lóð Ártorgs 1 verður 13.352 m². Samanlögð stærð lóðanna er því 30.413 m² en var skráð 30.841 m² fyrir breytingu. Leiðrétt er misskráning á lóðarstærð Ártorgs 1. Byggingarreitur á Skagfirðingabraut 51 stækkar í 9.486 m² en byggingarreitur á Ártorgi 1 helst óbreyttur. Hámarks nýtingarhlutfall beggja lóða verður 0,7 og hámarksbrúttóflatarmál á fullbyggðum lóðum verður 11.943 m² fyrir Skagfirðingabraut 51 og 9.346 m² fyrir Ártorg 1. Hámarks fjöldi hæða er óbreyttur. Aðkoma að norðanverðu inn á Skagfirðingabraut 51 færist til austurs og aðkoma að austanverðu færist til norðurs. Um aðkomu að austanverðu er yfirferðarréttur fyrir umferð að Ártorgi 1. Þá fækkar bílastæðum á Skagfirðingabraut 51, um 13 og á Ártorgi 1 um 36.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Sveitarfélaginu Skagafirði, 24. júní 2022.

Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir skipulagsfulltrúi.